

Ed.

337. Breytingartillögur

[154. mál]

við frv. til laga um ríkisábyrgðir.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Ábyrgðir þær, sem ríkið veitir, eru sjálfskuldarábyrgðir, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.
2. Við 3. gr. Fyrri málsg. orðist svo:
Nú æskir aðili, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, ríkisábyrgðar, og skal hún þá því aðeins veitt, að nefnd sú, sem um ræðir í 7. gr., samþykki.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og skal þá borið undir nefnd þá, er ákveðin er með 7. gr., hvað gera skuli, og þarf samþykki nefndarinnar til þeirra ráðstafana, sem gripið er til.
5. Við 6. gr. Greinin falli niður.
6. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 5 manna nefnd, er vera skal fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem lög þessi mæla fyrir um eða fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal nefndin kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og nauðsyn framkvæmda þeirra, sem ábyrgðar er beiðzt fyrir, og að því hún gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
Þegar lög þessi öðlast gildi, skal nefnd sú, er ákveðin er með 7. gr., gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef nefndin leggur slíkt einróma til.